



Eftirlitsskýrsla

Áburðareftirlit 2014

Janúar 2015



EFNISYFIRLIT

I. Framkvæmd áburðareftirlits.....	4
1. Inngangur	4
2. Áburðareftirlit	4
3. Sýnataka	5
4. Leyfð vikmörk	6
5. Helstu niðurstöður áburðareftirlits ársins 2014	7
6. Athugasemdir frá fyrirtækjum.....	7
7. Jarðræktaráburður	7
II. Búvís ehf.	10
1. Skráður áburður hjá Búvís ehf.	10
2. Niðurstöður áburðareftirlits.....	10
2.1. Völlur 30-5+S.....	10
2.2. Kraftur 27+S	10
2.3. Völlur 27-12+S.....	11
2.4. Völlur 26-6-6+S.....	11
2.5. Völlur 23-7-12+S.....	11
2.6. Völlur 20-10-10+S.....	12
2.7. Völlur 17-15-15+S.....	12
III. Fóðurblandan hf.	13
1. Skráður áburður hjá Fóðurblandunni hf.	13
2. Niðurstöður áburðareftirlits.....	13
2.1. Magni S	13
2.2. Græðir 9	13
2.3. Fjölgræðir 9	14
2.4. Fjölmóði 4	14
2.5. Fjölgræðir 10	15
2.6. Fjölmóði 3	15
2.7. Fjölmóði 2	16
2.8. Græðir 8	16
2.9. Fjölgræðir 7	16
2.10. Fjölgræðir 6	17
2.11. Fjölgræðir 5	17
IV. Massimo Luppi.....	18
1. Skráður áburður hjá Massimo Luppi	18
2. Niðurstöður áburðareftirlits.....	18
V. Skeljungur.....	19
1. Skráður áburður hjá Skeljungu hf.....	19
2. Niðurstöður áburðareftirlits.....	19
2.1. Sprettur 26-13.....	19
2.2. Sprettur 25-9-8	19
2.3. Sprettur 25-5.....	20
2.4. Sprettur 25-5-Avail+Se	20
2.5. Sprettur 22-10-10.....	21
2.6. Sprettur 22-7-6+Se	21
2.7. Sprettur 22-6-13.....	21
2.8. Sprettur 20-14-9.....	22
2.9. Sprettur 20-12-8+Se	22

2.10. Sprettur 20-10-10+Se	23
2.11. Sprettur 20-10-10.....	23
2.12. Sprettur 20-5-13+Avail+Se	23
2.13. Sprettur 16-15-12.....	24
2.14. Sprettur 12-12-20+B+Avail.....	24
VI. Sláturfélag Suðurlands.....	25
1. Skráður áburður hjá Sláturfélagi Suðurlands slf.....	25
2. Niðurstöður áburðareftirlits.....	25
2.1. Opti NS 27-0-0 (4S).....	25
2.2. NPK 27-3-3.....	26
2.3. NPK 26-4.....	26
2.4. NPK 24-4-7.....	27
2.5. NPK 22-5-5.....	27
2.6. NPK 21-4-10.....	27
2.7. NPK 15-7-12.....	28
2.8. NPK 12-4-18.....	28
VII. Innfluttur áburður á árinu.....	29
1. Bauhaus Ísland ehf.....	29
2. Bergdal ehf.....	29
3. Búaðföng ehf.....	29
4. Búvís ehf.....	30
5. Eggert Kristjánsson hf.....	30
6. Elkraft ehf.....	31
7. Fóðurblandan hf.....	31
8. Frjó ehf.....	32
9. Gróðurvörur ehf.....	32
10. Gunnur Inga Einarsdóttir.....	32
11. Grastec ehf.....	33
12. Innigarðar ehf.....	34
13. Landstólpi ehf.....	35
14. Lifa ehf.....	35
15. Massimo Luppi.....	35
16. MHG ehf.....	36
17. Nathan & Olsen hf.....	36
18. NPK ehf.....	36
19. Planta ehf.....	37
20. Skeljungur hf.....	39
21. Sláturfélag Suðurlands svf.....	40
22. Steindir ehf.....	40
VIII. Innlend áburðarframleiðsla.....	41
1. Innlend áburðarframleiðsla.....	41
1.1. Orkugerðin ehf.....	41
1.2. Guðjón D Gunnarsson.....	41
1.3. Haustak hf.....	41
1.4. Íslenska Gámafélagið Gufunesi.....	41
1.5. Gámaþjónustan.....	41
1.6. Íslenska Kalkþörungafélagið ehf.....	41
1.7. Molta ehf.....	41
1.8. NorðurBragð.....	41

1.9. Skinney – Þinganes	42
1.10. Sorpa Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins	42
1.11. Spretta ehf.	42
1.12. Ylfur ehf.	42
1.13. Þórduna ehf.	42
1.14. Þörungaverksmiðjan	42
IX. Athugasemdir frá fyrirtækjum	43
1. Athugasemdir frá Skeljungu hf.	43

I. Framkvæmd áburðareftirlits

1. Inngangur

Um áburð og eftirlit með ólífrænum áburði gilda lög nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og reglugerð 630/2007 um ólífrænan áburð, sem innleiðir reglugerð Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 2003/2003 um áburð og gildir því um merktan EB-áburð og reglugerð nr. 398/1995 um áburð og jarðvegsbætandi efni sem gildir um áburð sem ekki er merktur EB-áburður. Um birtingu niðurstaðna áburðareftirlits gildir reglugerð 291/2010 um birtingu niðurstaðna eftirlits með áburði. Samkvæmt henni ber Matvælastofnun að birta á heimasíðu sinni niðurstöður áburðareftirlits fyrir lok viðkomandi árs. Hverju fyrirtæki verður gefinn kostur á að andmæla niðurstöðum stofnunarinnar og verða andmælin birt í viðauka við eftirlitsskýrsluna. Því verða niðurstöður eftirlits þessa árs birtar á heimasíðu Matvælastofnunar.

2. Áburðareftirlit

Allan áburð sem settur er á markað héraðs ber að skrá hjá Matvælastofnun. Það á bæði við um áburð sem er fluttur inn og þann sem er framleiddur héraðs, hvort sem áburðurinn er ólífrænn eða lífrænn. Undantekning frá þessari reglu er húsdýraáburður sem notaður er innan býlis. Innflytjendur og framleiðendur áburðar verða því að láta skrá þær tegundir áburðar sem ætlunin er að setja á markað.



Mynd 1 Sýnataka af fjölkorna áburði

3. Sýnataka

Sýni af ólífræna áburðinum eru tekin með þar til gerðu sýnatökuspjóti. Úr fjölkorna áburði voru tekin hlutasýni úr 40 sekkjum (40/1), en úr einkorna áburði voru tekin hlutasýni úr 8 sekkjum (8/1), þar sem hver spjótstunga er talin eitt hlutasýni. Sýnatökusekkir voru valdir af handahófi á hverjum sýnatökustað. Þannig mynduðu hlutasýnin safnsýni, sem var smækkað og að lokum skipt í 4 lokasýni, 500 - 1000 g hvert. Við smækkun og skiptingu sýnanna var notaður sýnadeilir, sem bæði blandar og skiptir sýnunum. Til að tryggja sem besta blöndun eru sýnin blönduð tvisvar með sýnadeilinum. Matvælastofnun sendi svo fljótt sem verða mátti eitt lokasýni í efnagreiningu hjá LUFA í Þýskalandi, eitt lokasýni fékk viðkomandi fyrirtæki, en tvö lokasýni eru í vörslu Matvælastofnunar til frekari efnagreininga ef þurfa þykir.


Til viðbótar sýnatöku er litið á áferð áburðarins t.d. hvort hann er kekkjóttur og mun á litbrigðum auk þess sem merkingar áburðarins eru skoðaðar og gerðar athugasemdir eftir því sem við á.



Mynd 2 Safnsýni af fjölkorna áburði



Mynd 3 Blöndun, smækkun og skipting samsýnis í lokasýni



Mynd 4 Lokasýni tilbúið til sendingar í efnagreiningu. Safnsýni er skipt í fjögur lokasýni

4. Leyfð vikmörk

Reglur um leyfð vikmörk næringarefna í áburði eru í 5. viðauka reglugerðar 398/1995 um áburð og jarðvegsbætandi efni og II viðauka EB-reglugerðar nr. 2003/2003 um áburð sem var innleidd með reglugerð 630/2007 um ólífrænan áburð. Leyfð vikmörk skilgreina hve mikið mælt innihald næringarefna í áburði má víkja frá skráðu innihaldi þeirra. Við setningu vikmarkanna var tekið tillit til skekkju vegna sýnatöku og mælingaaðferða. Ekki er sett hámark á innihald einstakra næringarefna í áburðinum, en vikmörkin eru því neikvæð gildi, þ.e. hve mikið mælt innihald næringarefna má vera lægra en skráð gildi. Aftast í töflunum um efnagreiningar á hverri áburðartegund eru leyfð vikmörk gefin upp fyrir hvert næringarefni, eða fyrir áburðartegundina.

5. Helstu niðurstöður áburðareftirlits ársins 2014

Á árinu 2014 fluttu 23 fyrirtæki inn áburð og jarðvegsbætandi efni alls 273 tegundir. Alls voru flutt inn 60.961 tonn af áburði og jarðvegsbætandi efnum. Innlendir framleiðendur eru 14 á skrá, það eru fyrirtæki sem framleiða áburð eða jarðvegsbætandi efni á landinu. Áburðarfyrirtæki sem voru með skráða starfsemi á árinu eru því 37.

Tafla 1 Innflytjendur áburðar, magn í kg, magn næringarefnanna köfnunarefnis (N), fosfórs (P) og kalí (K) sem flutt var inn árið 2014

	Fj. fyrirtækja	Fj. tegunda	Magn, kg	N, kg	P, kg	K, kg
Jarðræktaráburður	7	80	60.419.933	14.335.540	1.833.948	2.553.620
Ylræktaráburður	3	48	491.995	54.007	9.648	76.873
Íþróttavallaáburður	3	28	37.515	5.235	1.021	3.048
Blómaáburður	10	117	11.727	272	288	537
Samtals	23	273	60.961.170	14.395.054	1.844.906	2.634.077

Sýnataka og vöruskoðun var gerð hjá 5 innflutningsfyrirtækjum og voru alls 45 áburðarsýni af 41 áburðartegund tekin á árinu. Auk þess voru merkingar og umbúðir skoðaðar.

Við efnamælingar kom í ljós að 9 áburðartegundir voru með efnainnihaldi undir vikmörkum samkvæmt ákvæðum reglugerða. Þar af voru 1 með of mikið kadmíuminnihald, 1 með of lítið köfnunarefni, 1 með of lítinn fosfór 1 með of lítið kalí og 8 með of lítinn brennistein. Í nokkrum tilfellum voru fleiri en eitt næringarefni undir leyfðum vikmörkum. Þessar tegundir hafa verið teknar af skrá Matvælastofnunar. Allar niðurstöður miðast við uppgöfin gildi við skráningu og samkvæmt merkingum á umbúðum.

Fáar athugasemdir voru gerðar við merkingar, en helstu gallar voru vegna misræmis milli skráninga og merkinga einnig voru merkingar máðar í nokkrum tilfellum. Þá voru gerðar athugasemdir ef merkingar voru ekki á Íslensku.

6. Athugasemdir frá fyrirtækjum


Skeljungur hf. gerði skriflegar athugasemdir við hluta fyrirtækisins í skýrslunni. Þessar athugasemdir eru birtar í viðaukum aftast í skýrslunni samkvæmt 4 gr. Reglugerðar 291/2010.

7. Jarðræktaráburður


Fjögur fyrirtæki sem flytja inn mestan hluta þess áburðar sem fer til jarðræktar. Þau eru Búvís, Fóðurblandan, Skeljungur og Sláturfélag Suðurlands. Á mynd 1 sést hlutföll þessara fyrirtækja í áburðarinnflutningi á árinu 2014. Eitt þessara fyrirtækja flutti inn nokkurt magn af áburði í desember, sem getur skekkt örlítið þessa mynd.

Á mynd 2 sést að um 2/3 af áburðinum er þriggildur NPK-áburður, tvíggildur NP-áburður og hreinn N-áburður eru í álíka magni um 17% hvort.


Hlutfall selenbættis áburðar hefur aukist verulega á síðustu árum og eru nú um 1/3 áburðarins með selen. Reiknað er með að þetta hlutfall hækki á næsta ári.



Mynd 5 Heildarinnflutningur jarðræktaráburðar eftir fyrirtækjunum fjórum.



Mynd 6 Hlutföll þrígilds, tvísgilds og eingilds áburðar í innflutningi



II. Buvís ehf.

1. Skráður áburður hjá Buvís ehf.

Fyrirtækið flutti inn 9 tegundir á árinu. Árið 2014 var 1 tegund nýskráð frá fyrirtækinu.

2. Niðurstöður áburðareftirlits

Sýni voru tekin af 7 áburðartegundum sem fyrirtækið flutti inn. Matvælastofnun gerði athugasemd við efnainnihald áburðartegundarinnar Völlur 27-12+S, en köfnunarefnisinnihald hennar var of lágt. Fyrirtækið sendi systursýni til efnagreininga í Finnlandi og fékk niðurstöðu sem stóðst kröfur. Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum. Ekki eru því gerðar athugasemdir við aðrar áburðartegundir sem Buvís flutti inn.

Áburðurinn var einnig merktur samkvæmt reglum.

Hér á eftir koma niðurstöður efnamælinga fyrir einstakar tegundir.

2.1. Völlur 30-5+S

Sýnið var tekið 2. maí á Akureyri. Mælingar á köfnunarefni og fosfór gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum greindist ekki í áburðinum. Ekki eru því gerðar athugasemdir við efnainnihald þessarar áburðartegundar.

Tafla 2 Niðurstöður efnagreininga af Velli 30-5+S

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	30,00	29,30	-0,70	-1,10
Fosfór (P)	2,00	2,23	0,23	-0,48

2.2. Kraftur 27+S

Sýnið var tekið 2. maí á Akureyri. Mælingar á köfnunarefni, kalsíum og brennisteini gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum. Ekki eru því gerðar athugasemdir við efnainnihald þessarar áburðartegundar.

Tafla 3 Niðurstöður efnagreininga af Krafti 27+S

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,00	26,20	-0,80	-0,80
Kalsíum (Ca)	4,29	6,91	2,62	-0,64
Bennisteinn (S)	2,90	2,94	0,04	-0,36

2.3. Völlur 27-12+S

Sýnið var tekið 2. maí á Akureyri. Köfnunarefni mældist undir leyfðum vikmörkum samkvæmt efnamælingum sem Matvælastofnun lét gera en efnagreiningar fyrirtækisins gaf gildi við leyfð vikmörk. Efnamælingar fyrir fosfór gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum mældist ekki í áburðinum. Matvælastofnun gerir ekki frekari athugasemdir við þessa áburðartegund.

Tafla 4 Niðurstöður efnagreininga af Velli 27-12+S

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	26,50	24,70	-1,80	-1,10
Fosfór (P)	5,00	4,96	-0,04	-0,48

Tafla 5 Niðurstöður efnagreininga af Velli 27-12+S frá EVIRA í Finnlandi (Sýni fyrirtækisins)

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	26,50	25,40	-1,10	-1,10
Fosfór (P)	5,00	5,50	0,50	-0,48

2.4. Völlur 26-6-6+S

Sýnið var tekið 2. maí á Akureyri. Efnamælingar á köfnunarefni, fosfór og kalíum gáfu allar gildi yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum mældist ekki í áburðinum. Ekki eru því gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Tafla 6 Niðurstöður efnagreininga af Velli 26-6-6+S

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	26,00	25,50	-0,50	-1,10
Fosfór (P)	2,50	2,82	0,32	-0,48
Kalíum (K)	4,90	5,73	0,83	-0,91

2.5. Völlur 23-7-12+S

Sýnið var tekið 2. maí á Akureyri. Efnamælingar á köfnunarefni, fosfór og kalíum gáfu allar gildi yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum mældist ekki í áburðinum. Ekki eru því gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Tafla 7 Niðurstöður efnagreininga af Velli 23-7-12+S

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	23,00	22,60	-0,40	-1,10
Fosfór (P)	3,00	3,41	0,41	-0,48
Kalíum (K)	10,00	12,18	2,18	-0,91

2.6. Völlur 20-10-10+S

Sýnið var tekið 2. maí á Akureyri. Efnamælingar á köfnunarefni, fosfór, kalíum og brennistein gáfu allar gildi yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum mældist ekki í áburðinum. Ekki eru því gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Tafla 8 Niðurstöður efnagreininga af Velli 20-10-10+S

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	20,20	20,20	0,00	-1,10
Fosfór (P)	4,10	4,37	0,27	-0,48
Kalíum (K)	8,00	9,11	1,11	-0,91
Bennisteinn (S)	4,00	5,68	1,68	-0,36

2.7. Völlur 17-15-15+S

Sýnið var tekið 2. maí á Akureyri. Efnamælingar á köfnunarefni, fosfór, kalíum og brennistein gáfu allar gildi yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum mældist ekki í áburðinum. Ekki eru því gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Tafla 9 Niðurstöður efnagreininga af Velli 17-15-15+S

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	16,50	16,90	0,40	-0,10
Fosfór (P)	6,40	6,62	0,22	-0,48
Kalíum (K)	12,00	13,27	1,27	-0,91
Bennisteinn (S)	2,00	3,05	1,05	-0,36

III. Fóðurblandan hf.

1. Skráður áburður hjá Fóðurböndunni hf.

Fyrirtækið flutti inn 16 áburðartegundir og jarðvegsbætandi efni á árinu. Þar af voru 6 nýskráðar eða endurskráðar á árinu.

2. Niðurstöður áburðareftirlits

Sýni voru tekin af 11 áburðartegundum sem fyrirtækið flutti inn. Matvælastofnun gerði athugasemd við efnainnihald áburðartegundarinnar Magni S, en köfnunarefnisinnihald hennar mældist undir leyfðum vikmörkum og var tegundin tekin af skrá Matvælastofnunar. Fyrirtækið þarf að endurskrá þessa áburðartegund. Dreifing hennar notenda verður ekki heimil fyrir en að Matvælastofnun hefur tekið sýni af henni og látið efnamæla og þær mælingar sýni að áburðurinn stenst kröfur um efnainnihald. Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum. Ekki eru því gerðar athugasemdir við aðrar áburðartegundir sem Fóðurblandan hf. flutti inn.

Áburðurinn var einnig merktur samkvæmt reglum.

Hér á eftir koma niðurstöður efnamælinga fyrir einstakar tegundir.

2.1. Magni S

Sýnið var tekið 29. apríl í Þorlákshöfn. Köfnunarefni mældist undir leyfðum vikmörkum, en kalsíum og brennisteinn mældust yfir leyfðum vikmörkum. Fyrirtækið þarf því að endurskrá áburðartegundina og dreifing hennar til notenda verður ekki heimil fyrir en Matvælastofnun hefur tekið sýni af henni og látið efnamæla og þær mælingar sýni að tegundin stenst kröfur um efnainnihald.

Tafla 10 Niðurstöður efnagreininga af Magna S

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,00	25,70	-1,30	-0,80
Kalsíum (Ca)	5,10	7,03	1,93	-0,64
Bennisteinn (S)	4,00	5,06	1,06	-0,36

2.2. Græðir 9

Sýnið var tekið 29. apríl í Þorlákshöfn. Efnamælingar fyrir köfnunarefni, fosfór og kalí gáfu allar gildi yfir leyfðum vikmörkum. Ekki eru því gerðar athugasemdir við efnainnihald þessarar tegundar. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar tegundarinnar.

Tafla 11 Niðurstöður efnagreininga af Græði 9

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,00	28,40	1,40	-1,10
Fosfór (P)	2,60	2,77	0,17	-0,48
Kalíum (K)	5,00	5,26	0,26	-0,91

2.3. Fjölgræðir 9

Sýni nr. 1 var tekið 28. mars á Sauðárkróki og sýni nr. 2 var tekið 29. apríl í Þorlákshöfn. Sýni af þessari tegund var tekið úr fyrstu sendingu, þar sem hún hafði ekki staðist kröfur árið áður. Í þessu fyrri sýni greindist fosfór undir vikmörkum, en köfnunarefni og kalíum voru yfir leyfðum vikmörkum. Fyrirtækið lét dreifingaraðila sína vita um þessar niðurstöður og þeir áttu að upplýsa kaupendur um þær.

Vegna þessa var tekið annað sýni af sömu áburðartegund í Þorlákshöfn í lok apríl. Efnamælingar voru gerðar fyrir köfnunarefni, fosfór, kalíum og brennistein og gáfu þær allar gildi yfir leyfðum vikmörkum. Ekki eru gerðar frekari athugasemdir við efnainnihald þessarar áburðartegundar. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar tegundarinnar.

Tafla 12 Niðurstöður efnagreininga af Fjölgræði 9 Sýni 1

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	25,00	24,80	-0,20	-1,10
Fosfór (P)	3,90	3,35	-0,55	-0,48
Kalíum (K)	4,40	6,25	-0,35	-0,91

Tafla 13 Niðurstöður efnagreininga af Fjölgræði 9, sýni 2

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	25,00	25,10	0,10	-1,10
Fosfór (P)	3,90	3,62	-0,28	-0,48
Kalíum (K)	6,60	5,73	-0,87	-0,91
Bennisteinn (S)	2,00	2,29	0,29	-0,36

2.4. Fjölmóði 4

Sýnið var tekið 29. apríl í Þorlákshöfn. Efnamælingar voru gerðar á köfnunarefni, fosfór og kalsíum og gáfu þær allar gildi yfir leyfðum vikmörkum. Ekki eru því gerðar athugasemdir við efnainnihald þessarar tegundar. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar tegundarinnar.

Tafla 14 Niðurstöður efnagreininga af Fjölmóða 4

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	25,00	25,70	0,70	-1,10
Fosfór (P)	2,20	2,49	0,29	-0,48
Kalsíum (Ca)	5,40	7,35	1,95	-0,64

2.5. Fjölgræðir 10

Sýnið var tekið 29. apríl í Þorlákshöfn. Efnamælingar voru gerðar á köfnunarefni, fosfór og kalíum og gáfu þær allar gildi yfir leyfðum vikmörkum. Sömu leiðis var selen mælt í áburðinum og greindist það nálægt skráðu gildi. Ekki eru því gerðar athugasemdir við efnainnihald þessarar tegundar. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar tegundarinnar.

Tafla 15 Niðurstöður efnagreininga af Fjölgræði 10

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	24,00	22,90	-1,10	-1,10
Fosfór (P)	3,90	3,92	0,02	-0,48
Kalíum (K)	6,60	7,65	1,05	-0,91
Selen (mg/kg)	15,00	16,1	1,1	

2.6. Fjölmóði 3

Sýnið var tekið 29. apríl í Þorlákshöfn. Efnamælingar á köfnunarefni, fosfór og kalsíum gáfu allar gildi yfir leyfðum vikmörkum.

Við sýnatöku kom í ljós mismunur á lit í áburðartegundinni Fjölmóði 3, sem m.a. inniheldur selen. Mestur hluti áburðarins var með dökkum kornum húðum með selensamböndum, en nokkrir sekkir voru án dökkra korna. Samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu var talið að sá hluti sem var án dökkra korna væri án selens og gerði það ráðstafanir til að taka þá frá og dreifði þeim ekki til notenda. Efnagreiningar á áburðinu staðfestu að áburðurinn sem einungis innihélt ljós korn var án selens. Þessi greining kom einnig fram við efnagreiningu á samsýni úr áburðinum. Ekki eru því gerðar frekari athugasemdir við mælingar á þessum áburði.

Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar tegundarinnar.

Tafla 16 Niðurstöður efnagreininga af Fjölmóða 3

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	24,00	24,10	0,10	-1,10
Fosfór (P)	2,10	2,38	0,28	-0,48
Kalsíum (Ca)	5,40	6,87	1,47	-0,64
Selen (mg/kg)	15,00	9,56	-5,44	

Tafla 17 Niðurstöður efnagreininga af Fjölmóða 3 (Ljós korn)

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	24,00	25,50	1,50	-1,10
Fosfór (P)	2,10	2,08	-0,02	-0,48
Selen (mg/kg)	15,00	0	-15	

Tafla 18 Niðurstöður efnagreininga af Fjölmóða 3 (Ljós+grá korn)

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikiörk
Köfnunarefni (N)	24,00	23,50	-0,50	-1,10
Fosfór (P)	2,10	2,84	0,74	-0,48
Selen (mg/kg)	15,00	16,4	1,4	

2.7. Fjölmóði 2

Sýnið var tekið 29. apríl í Þorlákshöfn. Efnamælingar á köfnunarefni, fosfór og kalsíum gáfu allar gildi yfir leyfðum vikiörkum. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar tegundarinnar.

Tafla 19 Niðurstöður efnagreininga af Fjölmóða 2

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikiörk
Köfnunarefni (N)	23,00	23,80	0,80	-1,10
Fosfór (P)	5,00	6,27	1,07	-0,48
Kalsíum (Ca)	4,60	6,45	1,85	-0,64

2.8. Græðir 8

Sýnið var tekið 29. apríl í Þorlákshöfn. Efnamælingar á köfnunarefni, fosfór og kalíum gáfu allar gildi yfir leyfðum vikiörkum. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar tegundarinnar.

Tafla 20 Niðurstöður efnagreininga af Græði 8

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikiörk
Köfnunarefni (N)	22,00	23,60	1,60	-1,10
Fosfór (P)	3,10	3,07	-0,03	-0,48
Kalíum (K)	10,00	10,07	0,07	-0,91

2.9. Fjölgræðir 7

Sýnið var tekið 29. apríl í Þorlákshöfn. Efnamælingar á köfnunarefni, fosfór og kalíum gáfu allar gildi yfir leyfðum vikiörkum. Selen í áburðinum mældist einnig við uppgefið gildi. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar tegundarinnar.

Tafla 21 Niðurstöður efnagreininga af Fjölgræði 7

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikiörk
Köfnunarefni (N)	22,00	22,20	0,20	-1,10
Fosfór (P)	5,20	5,7	0,5	-0,48
Kalíum (K)	7,30	7,90	0,60	-0,91
Selen (mg/kg)	15,00	14,1	-0,9	

2.10. Fjölgræðir 6

Sýnið var tekið 28.mars á Sauðárkróki. Efnamælingar á köfnunarefni, fosfór og kalíum gáfu allar gildi yfir leyfðum vikmörkum. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar tegundarinnar.

Tafla 22 Niðurstöður efnagreininga af Fjölgræði 6

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	22,40	0,40	-1,10
Fosfór (P)	4,80	4,83	0,03	-0,48
Kalíum (K)	9,20	8,61	-0,59	-0,91

2.11. Fjölgræðir 5

Sýnið var tekið 29. apríl í Þorlákshöfn. Efnamælingar á köfnunarefni, fosfór og kalíum gáfu allar gildi yfir leyfðum vikmörkum. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar tegundarinnar.

Tafla 23 Niðurstöður efnagreininga af Fjölgræði 5

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	17,00	17,60	0,60	-1,10
Fosfór (P)	6,60	7,53	0,93	-0,48
Kalíum (K)	10,00	9,56	-0,44	-0,91

IV. Massimo Luppi

1. Skráður áburður hjá Massimo Luppi

Massimo Luppi skráði og flutti inn eina áburðartegund.

2. Niðurstöður áburðareftirlits

Sýni var tekið af áburðartegundinni 6-12-24 (8) að Móeiðarhvoli 10. apríl. Efnamælingar á köfnunarefni fosfór og kalíum gáfu allar gildi yfir leyfðum vikmörkum. Hins vegar mældist brennisteinn undir leyfðum vikmörkum. Kadmíum í áburðinum mældist 117 mg/kg fosfórs eða ríflega tvöfalt hærra en leyfilegt er. Áburðartegundin var því tekin af skrá Matvælastofnunar og er ekki heimilt að nota hana á Íslandi. Um óverulegt magn var að ræða eða innan við 0,1% af innfluttum áburði. Einn kaupandi hafði keypt vöruna og var hann upplýstur um niðurstöður efnagreininga þegar þær lágu fyrir. Búið var að dreifa áburðinum á tún þegar niðurstöður efnagreininga lágu fyrir.

Tafla 24 6-12-24 (8) (Massimo Luppi)

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	6,00	5,70	-0,30	-1,10
Fosfór (P)	5,28	5,40	0,12	-0,48
Kalíum (K)	19,92	20,94	1,02	-0,91
Bennisteinn (S)	8,00	6,21	-1,79	-0,36

V. Skeljungur

1. Skráður áburður hjá Skeljungu hf.

Skeljungur hf. flutti inn 23 áburartegundir og jarðvegsbætandi efni á árinu. Þar af voru 8 tegundir nýskráðar eða endurskráðar.

2. Niðurstöður áburðareftirlits

Sýni voru tekin af 15 áburartegundum hjá Skeljungu. Sex tegundir voru teknar af skrá Matvælastofnunar vegna þess að brennisteinn í áburðinum mældist undir vikmörkum. Einnig mældist fosfór undir vikmörkum í einni tegund og kalí í annarri, en brennisteinn mældist einnig undir vikmörkum í þessum tegundum. Ekki verður heimilt að dreifa þessum áburartegundum til notenda fyrr en Matvælastofnun hefur tekið sýni af þeim og látið efnamæla og þær mælingar sýna að áburðurinn stenst kröfur.

Þær áburartegundir sem teknar eru af skrá eru eftirfarandi:

- Sprettur 25-5+Avail+Se
- Sprettur 25-5
- Sprettur 20-12-8+Se
- Sprettur 20-10-10+Se
- Sprettur 20-5-13+Avail+Se
- Sprettur 16-15-12

2.1. Sprettur 26-13

Sýnið var tekið 1. apríl í Þorlákshöfn. Efnamælingar á köfnunarefni og fosfór gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum greindist ekki í sýninu. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

Tafla 25 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 26-13

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	26,00	26,20	0,20	-1,10
Fosfór (P)	5,70	5,86	0,16	-0,48

2.2. Sprettur 25-9-8

Sýnið var tekið 23. apríl í Þorlákshöfn. Efnamælingar á köfnunarefni, fosfór og kalí gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum greindist ekki í sýninu. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

Tafla 26 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 25-9-8

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	25,00	24,00	-1,00	-1,10
Fosfór (P)	3,90	3,59	-0,31	-0,48
Kalíum (K)	6,60	7,66	1,06	-0,91

2.3. Sprettur 25-5

Sýnið var tekið 23. Apríl í Þorlákshöfn. Efnamælingar á köfnunarefni, kalsíum og magnesíum gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum mældist 20 mg/kg fosfórs í sýninu. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

Fosfór og brennisteinn mældust undir leyfðum vikmörkum, því er áburðartegundin tekin af skrá Matvælastofnunar, þannig að fyrirtækið þarf að endurskrá tegundina. Dreifing hennar til notenda verður ekki heimil fyrr en Matvælastofnun hefur tekið sýni af henni og niðurstöður efnamælinga sýna að hún stenst kröfur.

Tafla 27 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 25-5

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	25,00	25,00	0,00	-1,10
Fosfór (P)	2,20	1,62	-0,58	-0,48
Kalsíum (Ca)	3,50	4,81	1,31	-0,64
Bennisteinn (S)	2,40	1,45	-0,95	-0,36
Magnesíum (Mg)	1,90	2,62	0,72	-0,55

2.4. Sprettur 25-5-Avail+Se

Sýnið var tekið 23. Apríl í Þorlákshöfn. Efnamælingar á köfnunarefni, fosfór, kalsíum og magnesíum gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum mældist 15 mg/kg fosfórs í sýninu. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins. Selen í áburðinum mældist einungis fjórðungur af skráðu gildi.

Brennisteinn mældist undir leyfðum vikmörkum, því er áburðartegundin tekin af skrá Matvælastofnunar, þannig að fyrirtækið þarf að endurskrá tegundina. Dreifing hennar til notenda verður ekki heimil fyrr en Matvælastofnun hefur tekið sýni af henni og niðurstöður efnamælinga sýna að hún stenst kröfur.

Tafla 28 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 25-5+Av+Se

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	25,00	24,40	-0,60	-1,10
Fosfór (P)	2,20	2,08	-0,12	-0,48
Kalsíum (Ca)	3,50	5,05	1,55	-0,64
Bennisteinn (S)	2,40	1,94	-0,46	-0,36
Magnesíum (Mg)	1,90	2,53	0,63	-0,55
Selen (mg/kg)	20,00	4,86	-15,14	

2.5. Sprettur 22-10-10

Sýnið var tekið 23. Apríl í Þorlákshöfn. Efnamælingar á köfnunarefni, fosfór og kalíum gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum mældist ekki í sýninu. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

Tafla 29 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 22-10-10

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	22,10	0,10	-1,10
Fosfór (P)	4,40	4,49	0,09	-0,48
Kalíum (K)	8,30	8,59	0,29	-0,91

2.6. Sprettur 22-7-6+Se

Sýnið var tekið 1. Apríl í Þorlákshöfn. Efnamælingar á köfnunarefni, fosfór og kalíum gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum mældist 7 mg/kg fosfórs í sýninu. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins. Selen í áburðinum mældist einungis helmingur af skráðu gildi.

Tafla 30 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 22-7-6+Se

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	22,60	0,60	-1,10
Fosfór (P)	3,10	2,9	-0,2	-0,48
Kalíum (K)	5,00	4,92	-0,08	-0,91
Selen (mg/kg)	20,00	9,47	-10,53	

2.7. Sprettur 22-6-13

Sýnið var tekið 23. Apríl í Þorlákshöfn. Efnamælingar á köfnunarefni, fosfór og kalíum gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum mældist ekki í sýninu. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

Tafla 31 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 22-6-13

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	20,90	-1,10	-1,10
Fosfór (P)	2,60	2,76	0,16	-0,48
Kalíum (K)	10,80	13,13	2,33	-0,91

2.8. Sprettur 20-14-9

Sýnið var tekið 23. Apríl í Þorlákshöfn. Efnamælingar á köfnunarefni, fosfór, kalíum og brennisteini gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum mældist 15 mg/kg fosfórs í sýninu. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

Tafla 32 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 20-14-9

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	22,10	0,10	-1,10
Fosfór (P)	6,10	6,21	0,11	-0,48
Kalíum (K)	8,30	7,93	-0,37	-0,91
Bennisteinn (S)	2,00	2,15	0,15	-0,36

2.9. Sprettur 20-12-8+Se

Sýnin voru tekin 1. Apríl og 23. Apríl í Þorlákshöfn. Efnamælingar á köfnunarefni, fosfór, kalíum, kalsíum og magnesíum gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum í báðum sýnunum. Kadmíum mældist 4 mg/kg fosfórs í báðum sýnunum. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins. Selen í áburðinum mældist nokkuð undir skráðu gildi.

Brennisteinn mældist undir leyfðum vikmörkum í sýni nr. 2, því er áburðartegundin tekin af skrá Matvælastofnunar, þannig að fyrirtækið þarf að endurskrá tegundina. Dreifing hennar til notenda verður ekki heimil fyrr en Matvælastofnun hefur tekið sýni af henni og niðurstöður efnamælinga sýna að hún stenst kröfur.

Tafla 33 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 20-12+8+Se, sýni nr. 1

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	20,00	20,90	0,90	-1,10
Fosfór (P)	5,20	4,92	-0,25	-0,48
Kalíum (K)	6,60	6,54	-0,06	-0,91
Selen (mg/kg)	20,00	11,60	-8,40	

Tafla 34 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 20-12-8+Se sýni nr. 2

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	20,00	20,50	0,50	-1,10
Fosfór (P)	5,20	4,96	-0,24	-0,48
Kalíum (K)	6,60	7,07	0,47	-0,91
Kalsíum (Ca)	2,40	3,67	1,27	-0,64
Bennisteinn (S)	2,50	1,89	-0,61	-0,36
Magnesíum (Mg)	1,30	1,71	-0,41	-0,55
Selen (mg/kg)	20,00	14,30	-5,70	

2.10. Sprettur 20-10-10+Se

Sýnið var tekið 1. Apríl í Þorlákshöfn. Efnamælingar á köfnunarefni, fosfór og kalíum gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum mældist 4 mg/kg fosfórs í sýninu. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins. Selen í áburðinum mældist einungis helmingur af skráðu gildi.

Brennisteinn mældist undir leyfðum vikmörkum, því er áburðartegundin tekin af skrá Matvælastofnunar, þannig að fyrirtækið þarf að endurskrá tegundina. Dreifing hennar til notenda verður ekki heimil fyrr en Matvælastofnun hefur tekið sýni af henni og niðurstöður efnamælinga sýna að hún stenst kröfur.

Tafla 35 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 20-10-10+Se

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	20,00	20,30	0,30	-1,10
Fosfór (P)	4,40	4,05	-0,35	-0,48
Kalíum (K)	8,30	7,78	-0,52	-0,91
Bennisteinn (S)	2,50	2,01	-0,49	-0,36
Selen (mg/kg)	20,00	9,02	-10,98	

2.11. Sprettur 20-10-10

Sýnið var tekið 1. Apríl í Þorlákshöfn. Efnamælingar á köfnunarefni, fosfór og kalíum gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum mældist 4 mg/kg fosfórs í sýninu. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins. Selen í áburðinum mældist einungis fjórðungur af skráðu gildi.

Tafla 36 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 20-10-10

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	20,00	20,40	0,40	-1,10
Fosfór (P)	4,40	4,15	-0,25	-0,48
Kalíum (K)	8,30	8,37	0,07	-0,91

2.12. Sprettur 20-5-13+Avail+Se

Sýnið var tekið 23. Apríl í Þorlákshöfn. Efnamælingar á köfnunarefni, fosfór, kalsíum og magnesíum gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum mældist 15 mg/kg fosfórs í sýninu. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins. Selen í áburðinum mældist undir skráðu gildi.

Kalíum og brennisteinn mælduist undir leyfðum vikmörkum, því er áburðartegundin tekin af skrá Matvælastofnunar, þannig að fyrirtækið þarf að endurskrá tegundina. Dreifing hennar til notenda verður ekki heimil fyrr en Matvælastofnun hefur tekið sýni af henni og niðurstöður efnamælinga sýna að hún stenst kröfur.

Tafla 37 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 20-5-13+Av+Se

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikiörk
Köfnunarefni (N)	20,00	20,70	0,70	-1,10
Fosfór (P)	2,20	1,78	-0,42	-0,48
Kalíum (K)	10,80	9,64	-1,16	-0,91
Kalsíum (Ca)	3,70	3,71	0,01	-0,64
Bennisteinn (S)	2,40	1,61	-0,79	-0,36
Magnesíum (Mg)	1,00	1,97	0,97	-0,55
Selen (mg/kg)	20,00	12,30	-7,70	

2.13. Sprettur 16-15-12

Sýnið var tekið 1. Apríl í Þorlákshöfn. Efnamælingar á köfnunarefni, fosfór og kalíum gáfu gildi yfir leyfðum vikiörkum. Kadmíum mældist 2 mg/kg fosfórs í sýninu. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

Brennisteinn mældist undir leyfðum vikiörkum, því er áburðartegundin tekin af skrá Matvælastofnunar, þannig að fyrirtækið þarf að endurskrá tegundina. Dreifing hennar til notenda verður ekki heimil fyrr en Matvælastofnun hefur tekið sýni af henni og niðurstöður efnamælinga sýna að hún stenst kröfur.

Tafla 38 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 16-15-12

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikiörk
Köfnunarefni (N)	16,00	17,40	1,40	-1,10
Fosfór (P)	6,50	6,47	-0,03	-0,48
Kalíum (K)	10,00	10,43	0,43	-0,91
Bennisteinn (S)	2,50	2,04	-0,46	-0,36

2.14. Sprettur 12-12-20+B+Avail

Sýnið var tekið 1. Apríl í Þorlákshöfn. Efnamælingar á köfnunarefni, fosfór, kalsíum og brennisteini gáfu gildi yfir leyfðum vikiörkum. Kadmíum mældist 4 mg/kg fosfórs í sýninu. Gerðar voru athugasemdir við merkingu áburðarins, en gildi fyrir kalsíum var rangt skráð eða 3,40% en átti að vera 1,10%.

Bór mældist þrefalt meiri í sýninu en skráð er.

Tafla 39 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 12-12-20+B+Avail

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikiörk
Köfnunarefni (N)	12,00	13,10	1,10	-1,10
Fosfór (P)	5,20	5,10	-0,10	-0,48
Kalíum (K)	16,60	17,37	0,77	-0,91
Kalsíum (Ca)	1,10	2,18	1,08	-0,64
Bennisteinn (S)	7,20	8,09	0,89	-0,36
Bór (B)	200	602	402	

VI. Sláturfélag Suðurlands

1. Skráður áburður hjá Sláturfélagi Suðurlands slf.

Sláturfélag Suðurlands flutti inn 20 tegundir áburðar og jarðvegsbætandi efna á árinu. Þar af voru 3 tegundir nýskráðar á árinu.

2. Niðurstöður áburðareftirlits

Sýni voru tekin af 8 áburðartegundum sem Sláturfélag Suðurlands flutti inn. Ein tegund NPK 26-4 var tekin af skrá Matvælastofnunar vegna þess að brennisteinn í áburðinum mældist undir vikmörkum. Ekki verður heimilt að dreifa þessari áburðartegund til notenda fyrr en Matvælastofnun hefur tekið sýni af henni og látið efnamæla og þær mælingar sýna að áburðurinn stenst kröfur.

Efnamælingar Matvælastofnunar gáfu gildi undir vikmörkum fyrir köfnunarefni í áburðartegundunum NPK 27-3-3 og Opti NS 27-0-0 (4S). Fyrirtækið lét efnagreina systursýni, niðurstöður þeirra mælinga gáfu gildi yfir vikmörkum. Því eru ekki gerðar frekari athugasemdir við þessar áburðartegundir.

Athugasemdir voru gerðar við merkingar nokkurra áburðartegunda, letur var smátt og afmáð í nokkrum tilfellum og því illlæsilegt.

Eftirfarandi eru niðurstöður fyrir einstakar áburðartegundir.

2.1. Opti NS 27-0-0 (4S)

Sýnið var tekið 22. apríl í Þorlákshöfn. Efnamælingar á kalsíum og brennisteini gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum. Hins vegar gáfu efnamælingar Matvælastofnunar gildi fyrir neðan vikmörk fyrir köfnunarefni. Efnagreiningar fyrirtækisins á systursýni gaf gildið 27,08% fyrir köfnunarefni eða rétt yfir skráðu gildi. Því eru ekki gerðar frekari athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Merkingar áburðarins voru á Norsku, en skulu vera á Íslensku samkvæmt reglugerðarákvæðum. Því eru gerðar athugasemdir við merkingu áburðarins og þarf fyrirtækið að lagfæra þær áður en honum verður dreift til notenda.

Tafla 40 Niðurstöður efnagreininga af Opti NS 27-0-0 (4S)

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,00	25,60	-1,40	-0,80
Kalsíum (Ca)	6,00	6,97	0,97	-0,64
Bennisteinn (S)	3,70	4,31	0,61	-0,36

2.2. NPK 27-3-3

Sýnið var tekið 22. apríl í Þorlákshöfn. Efnamælingar á fosfór, kalíum, brennisteini og bór gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum. Selen mældist einnig nálægt skráðu gildi. Hins vegar gáfu efnamælingar Matvælastofnun gildi fyrir neðan vikmörk fyrir köfnunarefni. Efnagreiningar fyrirtækisins á systursýni gaf gildið 26,38% fyrir köfnunarefni eða rétt undir skráðu gildi. Því eru ekki gerðar frekari athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Kadmíum greindist ekki í áburðinum.

